

Sjómannadagsráð Akureyrar

Afhending 1021/3

Sjómannadagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á Akureyri 4. júní 1939, ári eftir fyrstu sjómannadagshátíðarhöld landsins, sem fram fóru í Reykjavík 1938.

Fyrsta sjómannadagsráð Akureyrar var skipað 15 mönnum, 5 frá hverju hagsmunafélagi sjómanna á Akureyri en þau voru Skipstjórafélag Norðlendinga, Sjómannafélag Akureyrar og Vélstjórafélag Akureyrar.

Fyrstu hátíðarhöldin heppnuðust almennt séð vel, þrátt fyrir nokkra hnökra og tóku bæjarbúar vel í þessa hátíð. Keppt var í kappróðri og reipitogi og nokkrum árum seinna bættust við keppnir í sundi, knattspyrnu og handknattleik.

Eftir því sem árin liðu urðu hátíðarhöldin stærri í sniðum og um tíma varð að skipta íþróttakappleikjunum á tvo daga svo að tími væri til að halda þá alla. Þá urðu verðlaunagripirnir einnig veglegri en fyrstu verðlaunagripirnir sem keppt var um voru trébikarar útskornir af Geir Þormar. Verðlaunagripirnir voru í flestum tilfellum gjafir frá velunnurum hátíðarinnar, svo sem Bifreiðastöð Oddeyrar, Vélsmiðjan Atli hf. og KEA.

Undir lok 20. aldar gaf Sjómannadagsráð Akureyrar út blaðið Öldurót í nokkur ár en fyrsta tölublaðið kom út árið 1992. Sjómannadagsráð hélt áfram skipulagningu hátíðarhalda á sjómannadaginn eitthvað fram á 21. öld en á síðustu árum hefur skipulagning dagsins verið í höndum Akureyrarbæjar og Sjómannafélags Akureyrar, s.s. ekki undir merkjum Sjómannadagsráðs sem slíks.

Afhendingin kom frá Guðmundi Steingrímssyni, fyrirverandi starfsmanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en gögnin voru innan um gögn frá Skipstjóra- og stýrimannafélagi Norðlendinga. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. febrúar 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

1021 / 3

A-Sjómannadagsráð Akureyrar

A-Sjómannadagsráð Akureyrar

1939 - 2007

| | | | | |
|---|---|---|-------------|--|
| A | 1 | 1 | 1939 - 1996 | Gjaldkerabók |
| A | 1 | 2 | 1978 - 1995 | Gjörðabók |
| A | 1 | 3 | 1994 - 2005 | Ársreikningar Sjómannadagsráðs Akureyrar ásamt fylgiskjölum |
| A | 1 | 4 | 1940 - 1975 | Fylgiskjöl frá sjómannadeginum 1975; 4 ljósmyndir frá sjómannadeginum á Akureyri (1940-1960) |
| A | 2 | 1 | 1992 - 2007 | Öldurót - Tímarit sjómannadagsins við Eyjafjörð |